



Skattlagning lífeyris

Guðrún Ásta Sigurðardóttir



Skattskyldir aðilar

- Þeir sem heimilisfastir eru hér á landi – Ótakmörkuð skattskylda
- Allar tekjur hvaðan sem þær koma
- Þeir sem búsettir eru erlendis en fá tekjur frá Íslandi – Takmörkuð skattskylda

Skatturinn

Lífeyristekjur teljast til skattskyldra tekna skv. lögum um tekjuskatt.

Lífeyrir frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og úttekt séreignarlífeyris

Greiða ber tekjuskatt og útsvar

Skattlagning fer eftir 70. gr. tskl.

- Almenna skatthlutfallið
- Meðaltalsútsvar eins og það er ákvarðað á viðkomandi staðgreiðsluári



Persónuafsláttur

Aðilar sem búsettir eru erlendis eiga rétt á að nýta persónuafslátt – Undantekning frá meginreglu

Persónuafsláttur reiknast frá og með fyrsta úttektarmánuði. Engin uppsöfnun

Undantekning – Séreignarlífeyrir. Persónuafsláttur allt árið. Má nýta uppsöfnun fram að úttektarmánuði. Ef eingreiðsla þá leiðrétt í álagningu



Persónuafsláttur maka

Erlendis búsettur lífeyrisþegi á rétt á ónýttum persónuafslætti maka ef makinn er einnig lífeyrisþegi.

Á líka við ef maki fær lífeyri í öðru landi

Gildir ekki í staðgreiðslu. Leiðrétt í álagningu



Tvísköttunarsamningar

Gerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og eigna – En er ekki ætlað að veita skattfrelsi.

Skattur greiddur í öðru hvoru landinu.

Byggja á samningsfyrirmynd frá OECD

Ísland hefur gert 42 samninga við 47 lönd

Allir tvíhliða nema Norðurlandasamningurinn

Allir birtir á skatturinn.is

Skatturinn

Samningsríkin semja um hvaða tegund tekna (eigna) skuli skattlögð í hvoru ríkinu.

Taka til launa, lífeyris, stjórnarlauna, verktakalauna, þóknanna, vaxta, arðs, söluhagnaðar o.s.frv.

Aldrei er hægt að velja um í hvoru landinu skattur er greiddur

Skatturinn

Mjög mismunandi reglur gilda um hvar lífeyrir er skattlagður

Í nýjustu samningum sem Íslands hefur gert hefur stefnan verið að hann sé skattlagður hér á landi. Áunnin réttindi sem verða til hér.

Þá getur skipt máli hver greiðir lífeyri –
Almannatryggingar (TR, Atvinnuleysistryggingar,
Fæðingarorlof), almennur lífeyrissjóður eða opinber
lífeyrissjóður (LSR, Brú)

Skatturinn

Nokkur dæmi um flækjuna !

Norðurlöndin/Bretland – Allur lífeyrir skattlagður í landinu þar sem hann er greiddur

Þýskaland – Allur lífeyrir skattlagður í búseturíkinu

Pólland, Lettland, Litháen – Lífeyrir frá TR og almennum lífeyrissjóðum, nema opinberum sjóðum, skattlagður í búseturíkinu

Skatturinn

Sviss – Lífeyrir skattlagður í greiðslulandi, nema lífeyrir frá almannatryggingum (TR)

Bandaríkin – Lífeyrir frá almennum lífeyrissjóðum skattlagður í búseturíkinu, en greiðslur frá almannatryggingum og opinberum sjóðum í greiðslulandinu

Spánn, Portúgal, Frakkland – Lífeyrir frá almennum lífeyrissjóðum og almannatryggingum skattlagður í búseturíki en greiðslur frá opinberum sjóðum í greiðslulandinu.

Skatturinn

Undanþágur frá skattlagningu (EKKI Fríkort)

Þeir sem búsettir eru erlendis og tvísköttunarsamningur kveður á um að lífeyri eigi að skattleggja í búseturíki þurfa að sækja um undanþágu.

Af hverju? Tekjurnar eru skattskyldar samkvæmt íslenskum lögum og undanþága er veitt á grundvelli tvísköttunarsamnings.

Skatturinn

Undanþága gildir fyrir viðkomandi staðgreiðsluár og tekur til staðgreiðslu á því ári. Endanleg afstaða til skattlagningar er tekin í álagningu.

Sækja þarf um undanþágu á hverju ári.

- Eyðublað RSK 5.49
- Vottorð erlendra skattyfirvalda um heimilisfesti og skattskyldu.
- Undanþága fellur úr gildi ef lífeyrisþegi flytur til annars lands (þ.m.t. Íslands) á staðgreiðsluárinu.

Skatturinn

Lífeyrisþeginn ber ábyrgð á skattskilum í búseturíkinu. Skatturinn sendi upplýsingar um lífeyristekjurnar til skattyfirvalda í hinu ríkinu í samræmi við ákvæði um upplýsingaskipti í tvísköttunarsamningum.

Skatturinn

Ef lífeyrir er undir skattleysismörkum þarf ekki að sækja um undanþágu. Persónuafslátturinn nýtist að fullu á móti staðgreiðslunni.

Skatturinn sendir sérstaka tilkynningu um að undanþága frá staðgreiðslu hafi verið samþykkt fyrir viðkomandi lífeyrisþega.